

Borgarráð

Uppfærsla á reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögur að uppfærslu á reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-002) og endurskoðun viðauka 1. við sömu reglur:

1. Lagt er til að 2. tl. kafla 4.1 um lausafjárstýringu í reglum um fjárstýringu (FMS-STE-002) orðist þannig:

Fjármálastjóra er jafnframt heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs, að undangengnu formlegu áhættumati, sbr. viðauka 3, að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka, skammtímalán hjá fjármála-stofnun eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 24 mánaða í senn ef lausafjárstaða er þröng, sbr. heimildarákvæði í viðauka 1.

Greinargerð:

Fjármálastjóra er heimilt skv. 2. tl. kafla 4.1. að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka, skammtímalán hjá fjármálastofnun eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 12 mánaða í senn ef lausafjárstaða er þröng, sbr. heimildarákvæði í viðauka 1. Lagt er til að uppfæra þessi tímamörk til 24 mánaða í senn.

Það er mat fjármálastjóra að það sé áhættuminna að hafa heimildina í kafla 4.1. til skammtímafjármögnunar til 24 mánaða. Reykjavíkurborg nýtir sér skammtímafjármögnun ef fyrirsjáanlegt er að fjármögnun til skamms tíma er hagstæðari en fjármögnun til langs tíma og ef ekki reynist nauðsynlegt að nýta fjármögnun nema í skamman tíma. Það hefur komið í ljós að tímabil þegar hagstætt er að nýta skammtímafjármögnun getur verið lengra en 12 mánuðir og því getur endurfjármögnunaráhætta verið töluverð ef samningur um skammtímafjármögnun er einungis til 12 mánaða. Draga má verulega úr þessari áhættu fá fjármálastjóri heimild til að gera samninga um skammtímafjármögnun til 24 mánaða. Aðstæður á markaði eru síbreytilegar og misjafnt hvort fjármögnun til skemmri tíma eða lengri tíma sé hagstæðari, þ.e. það gæti verið hagstæðara að fjármagna tímabundið til skamms tíma og endurfjármagna síðar með lengri fjármögnun.

2. Lagt er til að heimild fjármálastjóra til skammtímalántöku í Viðauka 1 við reglur um fjárstýringu (FMS-STE-002) hækki úr 5.000 mkr. í 9.000 mkr og að hún lengist úr 12 mánuðum í 24 mánuði.

Greinargerð:

Í reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg segir í kafla 4.1. að fjármálastjóra sé heimilt án sérstaks samþykkis borgarráðs að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka, skammtímalán hjá fjármálastofnun eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 12 mánaða í senn ef lausafjárstaða er þröng, sbr. heimildarákvæði í viðauka 1. Þessi heimild er í dag 5.000 mkr. en nú er lagt til að hækka hana í 9.000 mkr. Reglulegar tekjur borgarinnar eru yfir 9.000 mkr. á mánuði og er það mat fjármálastjóra að vegna áhættusjónarmiða sé nauðsynlegt að heimild fjármálastjóra til skammtímalántöku sé a.m.k. jafn há og áætlaðar reglulegar tekjur borgarinnar í hverjum mánuði og að hún sé til 24 mánaða sbr. rökstuðning vegna breytinga á kafla 4.1., 2. tl. í reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg.

3. Lagt er til að markmið ávöxtunar á handbæru fé í Viðauka 1 við reglur um fjárstýringu (FMS-STE-002) verði hækkuð úr 322 mkr. á árinu 2017 í 400 mkr. á árinu 2018 í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2018.

Greinargerð:

Þarfnast ekki skýringar.

Dagur B. Eggertsson